

Íslenskur iðnaður

FRÉTTABRÉF

5. tbl. • Maí 2000

„Byggingadagar 2000 - Stórsýning 12. - 14. maí“



Á um 350 fermetra svæði kynnti samstarfshópur atvinnulífs og skóla möguleika fólks til menntunar í greinum íslensks byggingariðnaðar og meistara- og sveinafélög sýndu handverk fagmanna og veittu gestum ráðgjöf á staðnum

FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI

Stórsýning Samtaka iðnaðarins, Byggingadagar 2000, var haldin í Laugardalshöll dagana 12. til 14. maí sl. undir yfirskriftinni HÚS OG GARÐAR – hönnun og handverk. Um 100 fyrirtæki, félög og stofnanir tóku þátt í sýningunni en hana sóttu um 10 þúsund gestir. Sýningin var öll hin glæsilegasta og voru gestir, jafnt sem sýnendur, hinir ánægðustu þegar upp var staðið.

Þetta er sjöunda árið í röð sem SI standa fyrir kynningardegum íslensks byggingariðnaðar og í þriðja skiptið sem það er gert með þessum hætti í Laugardalshöll. Athygli vakti kynning samstarfshóps atvinnulífs og skóla á starfsmenntun í byggingariðnaði ásamt handverkssýningu meistara- og sveinafélaga í „sérsmíðuðu húsi“ inni í Höllinni.

Byggingadagar SI verða næst haldnir árið 2002 í Laugardalshöll um miðjan apríl eða maí. Félagsmenn eru hvattir til að senda inn hugmyndir og ábendingar til Samtaka iðnaðarins í pósti eða á netfangið mottaka@si.is.

Sjá myndasýrpu frá BD2000 á síðu 4 til 5

Heim í sauðburðinn

Sá, sem þetta skrifar, hefur oft velt því fyrir sér hvort ekki þurfi að gera röt-tækar breytingar á stjórnkerfi landsins og liggur þá beinast við að byrja á Alþingi. Frá fornu fari hefur tíðkast að störfum Alþingis ljúki í byrjun maí eða í síðasta lagi um miðjan maí. Þetta átti sér eðlilegar skýringar þegar flestir þingmenn voru bændur og þurftu að komast heim fyrir sauðburð og aðrar vorannir í sveitinni. Nú eru breyttir tímar alls staðar í þjóðlífinu, nema á Alþingi, að því er virðist. Þar er unnið nótt og dag til þess að komast í sveitina í maí. Margoft hefur verið bent á það óhagræði og þau mistök í lagasetningu sem af því leiða að afgangi tugi laga-frumvarpa á örfáum dögum á vorin.

TILVILJUN HÁÐ HVER SPURÐUR ER

Mál eru t.d. send til umsagnar með ör-stuttum fyrirvara og oftast en ekki virðist tilviljun ráða hverjir fá mál til umsagnar. Lítið dæmi um þetta er frumvarp um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum á hafsbotni þar sem iðnaðarráðherra er heimilað að taka gjald fyrir námuvinnslu á hafsbotni.

Einingis eitt fyrirtæki, Björgun hf. hefur stundað slíka vinnslu og það er í Samtökum iðnaðarins. Hvorki fyrirtækið né SI fengu málið til umsagnar en fengu sem

betur fer að koma til fundar við iðnaðar-nefnd áður en málið var afgreitt. Einnhverjum kann að virðast að beint lægi við að úthluta Björgun hf. öllum malar-vinnsluvóta í sjó þar sem fyrirtækið er hið eina með „veiðireynslu“ á þessu sviði en það var þó ekki gert. Hins vegar dettur engum í hug að heimild til ráðherra til að leggja gjald á veiðar botndýra eða fiska yrði tekin til umfjöllunar án þess að senda málið til umsagnar til fyrirtækja í sjávarútvegi og samtaka þeirra.

UPPHLAUP Í MAÍ

Oftast er því bor-ið við að upphlaup í störfum Alþingis stafi af því að mál séu seint fram kom-in. Þetta er alls ekki rétt því að í raun virðist engu skipta hvort mál koma fram seint eða snemma. Nánast ekkert er sent til umsagnar fyrr en í eindaga er komið og síðan er fjallað um mál á handahlaup-um. Nauðsynjamál á borð við breytingar á Byggingar- og skipulagslögum dagar uppi þing eftir þing án þess að fá afgreiðslu en þingmenn bregða undir sig betri fætinum og ræða um olympiska hnefaleika fram á nótt.

Frumkvæði að lagasetningu kemur ótrúlega sjaldan frá Alþingi. Stundum finnst manni raunar að þingnefndir líti fremur á sig sem nokkurs konar yfirpróf-arkalesara fyrir framkvæmdavaldið. Svona til að gefa örlitla mynd af því hvernig þessir hlutir ganga fyrir sig get-um við af handahófi tekið nýlegar breyt-ingar á samkeppnislögum.

SAMKEPPNISLÖGIN

Samtök iðnaðarins höfðu frumkvæði að því árið 1998 að þrenn samtök í at-vinnulífi, rituðu viðskiptaráðherra og óskuðu eftir því að sett yrði á fót nefnd til þess að gera tillögur um endurskoðun samkeppnislaga sem þá voru fimm ára. Nefndin var svo loks skipuð í nóvember 1998. Hún var að störfum í eitt ár og skilaði greinargerð til ráðherra í nóvem-ber sl.

Árangur af starfi nefndarinnar varð því miður ekki sá sem Samtök iðnaðarins höfðu vonast eftir. Framan af virtust stjórnvöld enga ástæðu telja til þess að

breyta nokkrum sköpuðum hlut og það-an af síður væri ástæða til þess að hraða störfum nefndarinnar. Á nýliðnu hausti var blaðinu hins vegar allt í einu snúið við og þá lá svo mikið á að ekki var unnt að leggja vinnu í að samræma sjónarmið nefndarmanna og skila heillegum tillög-um. Reyndar tóku 5 af 13 nefndarmönnum sig saman og skiluðu sameiginlegu álitum. Formaður nefndarinnar kaus að skila engum hugmyndum eða tillögum.

SKRYKKJÓTTUR GANGUR Á ALÞINGI

Síðan heyrst hvorki stuna né hósti frá viðskiptaráðuneytinu fyrr en fullskapað frumvarp er lagt fram á Alþingi. Það frumvarp er greinilega samið af embætt-ismönnum ráðuneytisins og stofnunar-innar og er alls ekki byggt á tillögum nefndarinnar. Efnahags- og viðskipta-nefnd sendir frumvarpið síðan til um-sagnar í marslok og þá liggur svo mikið á að ekki voru gefnir nema þrír virkir dag-ar til að skila umsögnum. Beiðnir um um-sagnir eru eins og svo oft sendar nánast af handahófi en það má þó efnahags- og viðskiptanefnd eiga að aldrei gleymir hún að senda mál til umsagnar Verslun-arráðs. Samtök atvinnulífsins og aðildar-félög sendu langar og ítarlegar umsagnir um málið, að mestu leyti samstíga í til-lögum sínum.

Mánuði seinna er svo boðað til skyndi-fundar í efnahags- og viðskiptanefnd á laugardagsmorgni þar sem umsagnarað-ilar voru að vanda kallaðir á hópfund og látnir tala hver upp í annan. Þar var gest-unum kynnt nokkurs konar umsögn ráðuneytisins um aðsendar umsagnir. Höfundar frumvarpsins fundu að vonum fátt bitastætt í þessum umsögnum frá at-vinnulífinu. Nánar tiltekið eitt orð! Málið var síðan afgreitt í snatri með lágmarks-breytingum frá upphaflegu frumvarpi enda er fátítt að miklar breytingar séu gerðar á stjórnarfrumvörpum á þessum vettvangi.

LÍTILL ÁRANGUR AF LÖNGU ÞÓFI

Eftir stendur að atvinnulífið, sem átti frumkvæði að því að óska eftir endur-skoðun samkeppnislaga, er litlu bættara. Löggin eru eftir sem áður stórgölluð eftir tveggja ára þóf. Þingmenn sneru sér hins vegar að því nauðsynjaverki að ræða um skattamál forsetans áður en sauðburður-inn brast á.

Sveinn Hannesson



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
05. tbl. Maí 2000
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 17.5. 2000
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Hönnun og myndskreytingar: Vala Óla.

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Hallveigarstig 1, Pósthólf 1450,
121 Reykjavík
Sími: 511 5555, fax: 511 5566
Kennitala 511093-2019
www.si.is, e-mail:thora@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Ingi Bogi Bogason
Umbrot og setning: Þóra Ólafsdóttir
Efnisstjóri: Þóra Ólafsdóttir
Prófaralestur: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilfellum.

Kjarasamningur SA og Samiðnar

Samtök atvinnulífsins og Samiðn gengu frá nýjum kjarasamningi 15. apríl sl. Samningurinn nær til allra aðildarfélaganna Samiðnar, þ.e. félaganna byggingamanna, málmíðnaðarmanna, garðyrkjumanna og hársnyrta.

Þegar þetta er skrifað hefur farið fram atkvæðagreiðsla um samninginn og var hann samþykktur í öllum félögum landsins nema á Fáskrúðsfirði.

Helstu atriði samningsins eru þau að laun hækka um 3,9% frá 15. apríl sl. og hækka síðan um 3% 1. janúar 2001, 2002 og 2003. Síðasta hækkunin er þó háð því að samningnum verði ekki sagt upp. Í sumar verður orlofsuppbót 9.400 kr. en desemberuppbót þetta ár verður 28.200. Uppbætur iðnnema hækka einnig.

NÝIR LAUNATAXTAR

Eitt veigamesta atriði kjarasamningsins er ný samræmd launatafla fyrir aðildarfélög Samiðnar. Kauptaxtar eru færðir nær greiddum launum á vinnu-

markaði án þess þó að það eigi sjálfkrafa að leiða til meiri launabreytinga en sem nemur almennum hækkunum. Þá var gerð sérstök launatafla fyrir sérhæfða aðstoðarmenn í málm og byggingariðnaði.

AUKINN VEIKINDARÉTTUR

Réttur starfsmanns til launa í veikindum var endurskoðaður og reglurnar gerðar skýrari en áður var. Í stað þess að miða við mismunandi sjúkdóma, eins og tilhneiging var til áður hjá launþegafélögnum, er nú miðað við 12 mánaða tímabil án tillits til tegundar veikinda. Sérstaklega var tekið á réttindamálum iðnnema í því sambandi. Þá var samið um bætta slystryggingar sem eru mikilvægar fyrir hópa í áhættusömum starfsgreinum. Réttur vegna veikinda barna eykst úr 7 í 10 daga hjá þeim starfsmönnum sem starfað hafa eitt ár eða lengur hjá sama fyrirtæki.

ORLOFSRÉTTUR AUKINN

Eftir 10 ára starf hjá sama vinnuveit-



anda lengist orlof starfsmanna í 28 daga. Orlofsprósentan hækkar þannig í 12,07%.

AUKIÐ FRAMLAG Í LÍFEYRISSJÓÐ

Með nýju ákvæði um lífeyrisgreiðslur getur starfsmaður ákveðið að auka greiðslur í séreignasjóð. Kjarasamningurinn felur í sér viðbótarframlag atvinnurekenda í séreignalífeyrissjóð sem verði 1% frá og með 1. maí gegn 2% framlagi starfsmanns en hækkar í 2% gegn 2% framlagi starfsmanns 1. janúar 2002.

ÖNNUR ÁKVÆÐI

Í samningnum er tekið á ýmsum sérákvæðum, t.d. eru hvíldartímaákvæði skýrari og atriði er varða vinnu starfsmanna erlendis, reglum um frítökurétt var breytt og þær gerðar skýrari.

Kjarasamninginn má í heild sinni sjá á vef Samtaka atvinnulífsins www.sa.is
Eyjólfur Bjarnason, Ingólfur Sverrisson



Ingólfur H. Bender sem verið hefur hagfræðingur Samtaka iðnaðarins hefur verið ráðinn til starfa í greiningardeild Fjárfestingarbanka atvinnulífsins.

Samtökin þakka honum vel unnin störf og óska honum velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Bókagerðarmenn undirrita

Mánudaginn 15. maí sl. var undirritaður á skrifstofu Samtakanna kjarasamningur milli Samtaka atvinnulífsins fyrir hönd Samtaka iðnaðarins við Félag bókagerðarmanna.

Samningurinn sem gildir til loka febrúar er svipaður öðrum kjarasamningum sem gerðir hafa verið undanfarið. Lögð var áhersla á að færa kaupaxta nær greiddu kaup. Gert er ráð fyrir auknu lífeyrisframlagi atvinnurekenda, hækkun á

tryggingabótum og heimild til takmarkaðrar frítöku á móti yfirvinnu.



Örn Jóhannsson varaformaður SI og Sæmundur Árnason formaður Fbm undirrita samninginn



MYNDASYRPA



Börnin léku við hvern sinn fingur á útileiksvæðinu enda eru framleiðendur leiktækja og barnahúsgagna árvissir sýndur á BD2000



Aðsókn var með ágætum og komu um 10 þúsund gestir á BD2000. Íslenski fáninn blaktir við hún



Borgarstjórinn í Reykjavík lét sig ekki vanta



Parket var meðal gólfefna sem gestir skoðuðu á BD2000



Málningarstyrkir Hörpu hf. árið 2000 voru afhentir eftirtöldum aðilum á sýningunni: Vesturfarasafnið, Skátafélagið Garðbúar, Sjöfn Guðmundsdóttir, Íslenski fjallahjóla-klúbburinn, Líonsklúbbur Patreksfjarðar, Sigríður Sól Björnsdóttir, Inga Lára Baldvinsdóttir, Hvalamiðstöðin á Húsavík, Ferðafélag Fljótsdalshéraðs, Íþróttafélagið Gerpla, Kirkjubæjarskóli á Síðu, Karlakór Reykjavíkur, Biskupstungnahreppur, Hofstaðakirkja (ítarlegri umfjöllun á www.si.is)



Sandur Ímúr kynnti landsmönnum viðurkennd múr- og íblöndunarefni og efni til múrviðgerða



Gangvegir voru oft á tíðum þétt-skipaðir



Húsaplast hlaut viðurkenningu fyrir „besta kynningarefnið“ en dómnefnd þótti hagnýt upplýsingablöð og mappa fyrirtækisins handhæg fyrir neytendur og fyrirtækinu til sóma



Fagmennska lýsti af handbragði þessa unga dúk-lagningamanns sem sýndi handverk á BD2000



Sindri kynnti fagmönnum jafnt sem leikmönnum hörkutól og tæki til garðræktar sem og húsasmíða



BD2000 Í beinni útsendingu á Bylgjunni fm 98,9 um helgina. Gestum var boðið að taka þátt í skemmtilegum leikjum s.s. að „slá í gegn“ með Stanley-hamri, „fjár sjóðsleit“ með gröfum ungu kynslóðarinnar og „finna og vinna“ réttu svörin á básum sýnenda



Vírnet átti hug og hjörtu feðganna á meðan litla daman svaf vært



Ömmubakstur sá um að halda mannskapnum gangandi með ljúffengum pizzum og nýbökuðu bakkelsi



Málning var ofarlega í hugum fólks enda framundan mikið málningarsumar – ef veður leyfir



REIN steinsmiðja var meðal fyrirtækja sem hvað mesta athygli vöktu enda bás þeirra hreint ótrúlega magnaður.

Rein hlaut viðurkenningu BD2000 fyrir „besta básinn“ og „athyglisverðustu nýjungina á markaðnum“ fyrir vörulínu sína í tilhöggnum steinum sem eru af íslensku bergi brotnir



Úr smiðju Rafha mátti finna ljúfan matarilm enda eldhúsáhöld og tæki í höndum meistarans



Meistara í málun er margt fleira til lista lagt en hin hefðbundna húsamálun



Tilvonandi jarðvinnuverktakar? Þessir hressu krakkar spreyttu sig á gröfunni í „fjár sjóðsleit“



Sjö lyklatríði

Skýrsla menntahóps UNICE um menntun, samkeppnishæfni og atvinnu

UNICE, Samtök iðn- og atvinnurekenda í Evrópu, sendu frá sér fyrr á árinu stefnumarkandi skýrslu um samspil menntunar og samkeppnishæfni. Í skýrslunni er gerð ýtarleg grein fyrir sjö lyklatríðum sem UNICE leggur áherslu á svo að menntakerfi landa Evrópu megi betur þjóna atvinnulífinu.



Dirk F. Hudig, formaður UNICE, segir m.a. þetta í inngangi skýrslunnar:

„Allt þróast hraðar og hraðar í kringum okkur. Þekkingin þenst út sem

aldrei fyrr. Árið 2005 verða 80% af nýrri tækni yngri en tíu ára en 80% menntunar og starfsþjálfunar verða þá hins vegar tíu ára eða eldri.

Menntun og starfsþjálfun eru því meðal helstu stjórnþækja sem skylt er að hafa í huga þegar Evrópa stendur frammi fyrir nýjum hagfræðilegum og samfélagslegum tækifærum. Til þess

að mæta þessum tækifærum er nauðsynlegt að efna til þekkingarbyltingar.“

Í skýrslunni er lögð áhersla á að menntun og starfsþjálfun skipta miklu máli fyrir hagkerfi og afkomu þjóðfélaga. Lögð er áhersla á að samkeppnishæfni Evrópu verði að hafa forgang; hún er forsenda heilbrigðs hagvaxtar og atvinnu fyrir fleiri. Í þessu sambandi er bent á nauðsyn þess að nýsköpun og símenntun (life-long learning) eflist til að mæta kröfum upplýsinga- og lærdómsþjóðfélagsins.

LYKILATRÍÐIN SJÖ

1. Evrópsk fyrirtæki þurfa að eiga kost á vel menntuðu og þjálfuðu vinnuafl til að standast alþjóðlega samkeppni.
2. Grunnmenntun, sem er á ábyrgð sérhvarrar Evrópuþjóðar, verður að uppfylla yfstrustu gæðakröfur og vera góður grunnur að atvinnu fólks. Grunnmenntun verður að þróa með fólki hæfileika til að læra að læra, að vera reiðubúið til að laga sig að breytingum í fyrirtækjum og á vinnumarkaði.
3. Grunnmenntun skal fela í sér

grunnþekkingu í ýmsum þáttum en einnig samskiptafærni sem ríkuleg þörf er fyrir í atvinnulífinu.

Símenntun verður að taka tillit til þarfa viðskiptalífsins. Símenntun verður að þjóna þörfum atvinnulífsins. Einstaklingar verða að búa yfir færni og þekkingu sem tengjast óskum atvinnurekenda og launafólks.

4. Símenntun felur í sér ávinning jafnt fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Hún styrkir einstaklinga á vinnumarkaði og eflir sí tengda þjálfun, formlega og óformlega, alla starfsævi.
5. Símenntun gerir kröfu um samvinnu milli allra aðila og felur í sér sameiginlega ábyrgð einstaklinga, fyrirtækja og stjórnvalda. Símenntun, studd af árangursríkri áætlun og sveigjanlegu kerfi, er góður grunnur að endurmenntun alla starfsævina. Menntakerfið er ólíkt frá einu Evrópulandi til annars, mismunandi hefðir og lög liggja að baki. Þennan fjölbreytileika þarf að virða.
6. Vinnumarkaðsaðgerðir verða að styðja aðgerðir á sviði símenntunar þannig að vænta megi að hagvöxtur skili sér í atvinnu fyrir fleiri.
7. Evrópusambandið hefur hlutverki að gegna við að styrkja samvinnu milli ESB-ríkja með yfirfærslu á reynslu og starfsemi á sviði símenntamála. Forsenda þess er t.d. að gæði símenntunar séu gegnsæ og skiljist í öllum ESB-ríkjum. Mikilvægt er að aðilar vinnumarkaðarins séu viðurkenndir þátttakendur í þessari samvinnu.

Ingi Bogi Bogason

Örvun til nýsköpunar

Ráðstefna Evrópusamtaka matvælaframleiðenda

Samtök matvæla- og drykkjarvöruframleiðenda í Evrópu, CIAA, boða til ráðstefnu, undir fyrirsögninni „Örvun til nýsköpunar“ (The Challenge of Innovation), í tengslum við aðalfund sinn í haust. Ráðstefnan verður haldin í Brussel 22. nóvember.

Dagskrá ráðstefnunnar hefur enn ekki verið birt en tilkynnt hefur verið að Romano Prodi, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins flytji ávarp við hátíðakvöldverð ráðstefnunnar að kvöldi 21. nóvember. Ráðstefnur CIAA njóta mikillar virðingar og eru alltaf fjölsóttar. Þar flytja erindi menn úr æðstu stöðum hjá Evr-

ópusambandinu, frá stærstu matvæla-fyrirtækjum álfunnar og mikils metnir vísindamenn. Síðustu stóru ráðstefnu samtakanna, „Matvæli, heilsa, vellíðan“, sem haldin var í október 1998, sóttu um 800 manns hvaðanæva að úr Evrópu. Sjá nánar nóvemberhefti Íslensks iðnaðar frá 1998.

Íslenskir matvælaframleiðendur eru hvattir til að nota þetta tækifæri til að komast í snertingu við það nýjasta í evrópskum matvælaíðnaði. Þeim, sem hafa hug á að fréttu meira um ráðstefnuna, er bent á hafa samband við Ragnheiði Héðinsdóttur á skrifstofu SI s: 511 5555, netf.: ragnheidur@si.is, einnig á vefsíðu CIAA, www.ciaa.be.

Ragnheiður Héðinsdóttir

Verðlaunaafhending keppni grunnskóla

Verðlaunaafhending í Nýsköpunarkeppni grunnskólanna fór fram 13. maí sl. Yfir 2000 hugmyndir bárust í keppnina sem er rúmlega þreföldun frá í fyrra. SI veittu nú sem fyrr verðlaunafé, 50.000 kr., fyrir 1. sæti hugmynda í útlits- og formhönnun. Verðlaunin hlaut að þessu sinni Hákon G. Þorvaldsson, Andakílsskóla, Ytri Skeljabrekku í Borgarnesi fyrir hugmynd sína um túnhlið með strekkjara. Samtökin óska Hákonni innilega til hamingju með verðlaunin.

Haraldur Dean Nelson

Úrskurður kæruneftndar útboðsmála í málinu Kaldasel ehf. gegn Ríkiskaupum

Kæruneftndin tók skýrt fram í álitinu sínu að að viðkomandi ríkisstofnun sé ekki heimilt að velja á milli þess hvort keypt sé inn samkvæmt rammasamningi eða aðrar aðferðir við opinber innkaup notaðar enda myndi slík skýring fela í sér að aðeins annar aðili rammasamnings, þ.e. seljandi, bæri eiginlegar skyldur samkvæmt samningnum.

Þann 27. apríl birti kæruneftnd útboðsmála álit sitt vegna kæru Kaldasels ehf. gegn Ríkiskaupum. Krafðist Kaldasel ehf. þess að útboð Ríkiskaupa merkt Hjólbarðar fyrir Ríkislögreglustjóra væri fellt niður. Ríkiskaup höfnuðu þeirri kröfu fyrir kæruneftndinni.

Málavextir voru þeir að Kaldasel ehf. og Ríkiskaup gerðu rammasamning 26. mars sl. að undangengnu rammasamningsútboði. Samningurinn tók til kaupa á hjólbörðum og ýmsum tengdum vörum og þjónustu í samræmi við útboðslýsingu og tilboð Ríkiskaupa og skyldi hann gilda frá 1. apríl 1999 til 31. mars 2001. Samningurinn var uppsegjanlegur af beggja hálfu með þriggja mánaða fyrirvara, í fyrsta lagi níu mánuðum eftir undirritun.

Samkvæmt útboðsgögnum og samningnum sjálfum kom fram að ríkis-

stofnunum bæri að beina viðskiptum sínum til aðila rammasamnings sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 302/1996 um opinber innkaup en sem stæði væru um 350 opinberar stofnanir og fyrirtæki aðilar að rammasamningskerfinu.

Með útboði óskuðu Ríkiskaup, fyrir hönd ríkislögreglustjóra, eftir tilboðum í u.þ.b. 850 sumar- og vetrarhjólbarða fyrir ökutæki embættisins. Í útboðsgögnum var bent á að fyrir væri rammasamningur um hjólbarða- og smurþjónustu og áskildu Ríkiskaup sér allan rétt til að semja við þá aðila ef þeir reyndust hagstæðari.

Kaldasel ehf. vísaði til þess að fyrir tækið væri aðili að gildandi rammasamningi um þá vöru sem Ríkiskaup óskuðu eftir í hinu umdeilda útboði. Með því útboði brytu Ríkiskaup gegn skuldbindingum sínum samkvæmt rammasamningnum. Útboðið gengi einnig gegn forsendum og tilgangi rammasamninga með því að umrædd ríkisstofnun teldi sér heimilt að virða samninginn að vettugi en efni rammasamningsins hefði byggst á því að um viðskipti við allar ríkisstofnanir yrði að ræða. Þá benti Kaldasel ehf. einnig á að vegna skuldbindinga samkvæmt rammasamningnum þyrfti hann að sitja uppi með verulegar birgðir til þess að geta staðið við skuldbindingar sínar. Jafnframt vísaði Kaldasel ehf. til þess að Ríkiskaup legðu 2% umsýsluþóknun á öll viðskipti samkvæmt rammasamningnum og gerði fyrirtækinu því ókleift að bjóða betra verð en keppinautar hans.

Ríkiskaup töldu aftur á móti að í 20. gr. tilvitnaðrar reglugerðar fælist ekki skylda ríkisstofnana til að kaupa inn eftir gildandi rammasamningi. Ríkisstofnanir gætu boðið út viðskipti ef um sérstaka framleiðslu eða vöruflokk væri að ræða sem aðili viðkomandi rammasamnings gæti ekki boðið vegna of langs afgreiðslutíma eða ef vara væri ekki fáanleg. Þá lýstu Ríkiskaup þeirri skoðun að ef ríkisstofnun hygðist kaupa vöru eða þjónustu fyrir fjárhæðir ofan við viðmiðunarmörk útboða væri bæði heimilt að láta fara

fram nýtt útboð eða kaupa samkvæmt fyrirbyggjandi rammasamningnum.

MÁLALYKTIR:

Niðurstaða kæruneftndarinnar í framangreindu kærumáli er ákaflega athyglisverð. Í álitinu nefndarinnar er vísað til þess að til sé svokallaður rammasamningur um kaup á hjólbörðum. Kæruneftndin gerir ráð fyrir því að að sá samningur hafi verið gerður að undangengnu útboði sem hafi farið fram í samræmi við gildandi reglur um opinber útboð. Þessum rammasamningi hafi ekki verið sagt upp né heldur hafi verið sýnt fram á að Kaldasel ehf. hafi ekki getað staðið við skyldur sínar samkvæmt samningnum. Kæruneftndin telur með vísan til 20. gr. reglugerðar um opinber innkaup að ríkisstofnunum beri að beina viðskiptum sínum til þeirra aðila sem gert hafa rammasamninga við Ríkiskaup. Kæruneftndin tekur skýrt fram að skýring á 20. gr. reglugerðar nr. 302/1996 á þá leið að viðkomandi ríkisstofnunum sé heimilt að velja á milli þess hvort keypt sé inn samkvæmt gildandi rammasamningi eða aðrar aðferðir við opinber innkaup notaðar, feli í sér að aðeins annar aðili rammasamnings, þ.e. seljandi, beri eiginlegar skyldur samkvæmt samningnum. Slík skýring fær ekki staðist að mati kæruneftndarinnar, og var því hafnað að ríkislögreglustjóri hafi átt sjálfðæmi um hvort hann nýtti sér umræddan rammasamning eða ekki. Að lokum taldi kæruneftndin að um væri að ræða samskonar vöru og samið var um í viðkomandi rammasamningi við Kaldasel ehf. Haggi það ekki þeirri niðurstöðu þótt skilmálar víki í nokkru frá atriðum rammasamningsins og geri ítarlegri kröfur til starfsemi seljanda en þar greinir. Þegar af þessu ástæðum taldi kæruneftndin hið kærða útboð ólögmeitt og mælti með að það skyldi fellt niður.

Niðurstaða kæruneftndarinnar er ákveðinn sigur fyrir þau sjónarmið sem SI hafa haldið fram, nefnilega að þegar um er að ræða rammasamninga skuli ákveðnar skyldur hvíla á báðum aðilum rammasamnings. Er það ósk SI, í framhaldi af þessu álitu að Ríkiskaup athugi vel sinn gang varðandi rammasamninga.

Ólafur Helgi Árnason

í Nýsköpunar-



Taktu
HUGMYND
í fóstur

Samvinna og góð þjónusta er forsenda árangurs

Samtök iðnaðarins boðuðu stjórnir allra 25 aðildarfélaganna sinna til fundar nýlega til þess að kynna sig, starfsemi sína og þjónustu sem í boði er fyrir aðildarfélögin og félagsmenn. Fundurinn var fjölsóttur og sátu

hann um 80 manns, auk starfsmanna Samtakanna.

Samtök iðnaðarins vilja veita aðildarfélögum sínum sem allra besta þjónustu og vinna eins náð með stjórnnum þeirra og kostur er. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að þeir, sem fara með stjórn aðildarfélaganna, þekki vel til SI og þeirrar þjónustu sem þangað er unnt að sækja. Einnig er lögð áhersla á góða samvinnu og samskipti við aðildarfélögin til þess að móta stefnu Samtakanna og ákveða við hvaða verkefni er fengist hverju sinni.

Stjórn og starfslið Samtakanna er ekki síður mikilvægt að þekkja vel til þeirra sem halda um stjórnvölinn hjá



aðildarfélögum. Mannskipti eru alltið í stjórnnum aðildarfélaganna og þess vegna er hætta á að samskiptin rofni eða verði ekki eins góð og æskilegt væri þegar nýir menn taka við.

Á fundinum fjallaði Vilmundur Jósefsson, formaður SI, um stjórn og stjórnskipulag Samtakanna, vinnulag við stefnumótun og helstu verkefni framundan.

Þá rakti Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri SI, helstu þætti starfseminnar, vinnu starfsgreinahópa og þá þjónustu og aðstoð sem Samtökin bjóða aðildarfélögum sínum.

Síðastur talaði Haraldur Dean Nelson, upplýsingastjóri SI, um heimasíður SI www.si.is og idnadur.is. Hann kynnti einnig útlit og uppbyggingu heimasíðna fyrir öll aðildarfélögin þar sem þau geta komið á framfæri upplýsingum og fréttum um starfsemina til félagsmanna og alls almennings.

Stjórn Samtaka iðnaðarins hefur ákveðið að efna til fundar af þessu tagi á hverju vori.

Jón Steindór Valdimarsson



Ríkið borgar tólfta hvern sjómann



Í fjölmiðlum hefur verið frá því greint að tekjuígildi sjómannaafsláttarins var nær 2,1 milljarður árið 1998 sem svaraði til þess að tólfti hver sjómaður væri á launum hjá ríkinu. Þetta er einkennileg staðreynd í ljósi þess að við Íslendingar berjum okkur á brjóst fyrir að reka útgerð án ríkisstyrkja og krefjumst þess raunar á alþjóðavettvangi að aðrar þjóðir láti af ósóma í formi ríkisstyrkja til sjávarútvegs. Verktaki, sem undanfarin ár hefur verið með verkefni inni á hálendinu, á erfitt með að skilja af hverju hans starfsmenn fá ekki samskonar skattafslátt. Fjarvera þeirra að heiman er a.m.k. ekki mælikvarðinn heldur atvinnugreinarúmerið. Verktakinn og starfsmenn hans þægju ugglaust sambærilegan ríkisstyrk en fá ekki.

„Sjómannaafslátturinn sem slíkur gefur ekki rétta mynd af þeirri launauppbót sem í honum felst. Hagur sjómanna af skattaafslætti er meiri en af samsvarandi hækkun skattskyldra tekna,“ segir Páll Kolbeinsson hagfræðingur í viðtali sem fjallar um sjómannaafsláttinn í Tíund, fréttablaði ríkisskattstjóra. Hann bendir á að þyrfti útgerðin að greiða sjómönnum laun, sem færðu þeim álíka kjarabót og skattafslættinum nemur, hefði viðbótarkostnaður útgerðarinnar árið 1998 orðið um 9% af öllum greiddum launum vegna sjómannesku. Þetta samsvarar því að um tólfti hver sjómaður væri kostaður af ríkinu.

Árið 1998 veitti ríkið þeim, sem tekjur höfðu af sjómennsku, sem voru þá um 9.000 manns, að jafnaði 140 þús. kr. í sjómannaafslátt til viðbótar 280 þús. kr. almennum persónuafslætti. Tekjuskattsmörk meðalsjómanns voru því ríflega 1.590 þús. kr. en annarra um 1.060 þús. kr. Til að auka ráðstöfunartekjur um 140 þús. kr. þyrfti launamaður þetta ár að afla tæplega 226 þús. kr. viðbótar tekna. Þær 1.257 m.kr., sem ríkið greiddi í sjómannaafslátt á árinu, jafngiltu því 2.060 milljóna króna tekjuígildi fyrir sjómannastéttina.